

Námskrá fyrir 7. bekk

Öll kennsla grundvallast á stefnumörkun í
Aðalnámskrá grunnskóla

Íslenska

Meginmarkmið

Að nemendur

- nái góðu valdi á lestri bæði upphátt og í hljóði og æfist í að hlusta á aðra
- þjálfist í undirstöðuatriðum í málfræði, þekki helstu orðflokka, höfuðeinkenni þeirra og merkingarhlutverk
- geti tjáð sig munnlega og skriflega á góðri íslensku
- tileinki sér stafsetningarreglur og geti beitt þeim við ritun texta
- kynnist íslenskum bókmenntum frá ýmsum tímum bæði í bundnu og óbundnu máli og þekki algengustu hugtök sem tengjast bókmenntafræði
- geti aflað sér heimilda á bókasafni og notað tölvur
- kunni að nota orðabækur og aðrar handbækur
- geti tileinkað sér munnleg og skrifleg fyrirmæli
- vinni verkefni sín af vandvirkni og snyrtimennsku.

Námsmat

Námsþættir í íslensku eru metnir á fjölbreyttan hátt. Sumir þættir eru metnir með könnunum, s.s. málfræði, stafsetning, bókmenntir og lestur. Þar sem við á bætist við leiðbeinandi mat sem á sér stað allan námstímann, auk sjálfsmats og jafningjamats. Þættir eins og vinnubrögð og vandvirkni, sköpun og sjálfstæð vinnubrögð eru hafðir til hliðsjónar við námsmatið.

Lestrarstefna Fossvogsskóla

Áherslur í kennslu

Lögð er áhersla á að auka almenna lestrarfærni. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er lesskilningur eflur og unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og að nemendur fái verkefni við hæfi.

Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna að hausti og gerir foreldrum grein fyrir fyrirhugaðri framvindu lestrarnámsins.

Hlutverk heimilis

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna með því að hvetja þau til að lesa að lágmarki 15 mínútur á dag og gefi sér tíma til að ræða innihald textans, útskýra erfið orð og álykta um framvindu sögunnar.

Námsmat

Samræmd próf

Allir nemendur í 7. bekk taka samræmd próf í íslensku í september. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin og viðeigandi ráðstafanir gerðar um hvernig best sé að bregðast við árangri einstakra nemenda.

Orðarún

Lesskilningspróf sem umsjónarkennari leggur fyrir við annaskipti.

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf tvisvar til þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í september, janúar og maí. Almennt viðmið er 200 - 260 atkvæði á mínútu að vori og innan við 5% villur.

Talað mál og hlustun

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og sagt skipulega frá
- geti tileinkað sér fyrirmæli og farið eftir þeim
- geti tekið þátt í uppbyggjandi samræðum á jafnréttisgrundvelli.

Efnisþættir

- Heimildavinna
- hlustun
- tjáning
- framsögn
- upplestur
- vinna með hugtök.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Grænkápa* og *Ljóðspor* auk annarra verkefna.

Leiðir

Lögð er áhersla á að þjálfarar nemendur í að ræða saman og nota talmálið til að fást við viðfangsefni og ágreiningsmál líðandi stundar um leið og þeir læra að hlusta af athygli á aðra. Æfður er upplestur og lögð áhersla á skýra framsögn.

Lestur og bókmenntir

Markmið

Að nemendur

- geti lesið mismunandi texta sér til gagns og unnið úr þeim á ýmsan hátt
- geti lesið sér til afþreyingar og gert grein fyrir efninu
- geti lesið áheyrilega fyrir aðra
- hafi kynnst bókmenntatextum af ýmsu tagi bæði í bundnu og óbundnu máli og geta túlkað þá
- kunni skil á og geta nýtt sér helstu hugtök bókmenntafræðinnar til að efla skilning, s.s. sjónarhorn, tíma, sögusvið og boðskap
- geti aflað sér upplýsinga úr bókum og rafrænu efni, metið það með tilliti til trúverðugleika og unnið úr því á viðeigandi hátt
- geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.

Efnisþættir

- Heimildavinna
- hlustun
- orðabókanotkun
- réttiritun
- skriftarþjálfun
- textagerð
- tjáning
- upplestur
- verkefnavinna.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Grænkápa* og *Ljóðspor* auk ýmissa annarra verkefna.

Leiðir

Stefnt er að aukinni lestrarfærni og áhersla lögð á að auka orðaforða og efla

lesskilning. Reynt er að hafa fjölbreytt úrval texta til þess að víkka sjóndeildarhring nemenda. Til þess að ná þessum markmiðum lesa nemendur sögur og ljóð eftir íslenska höfunda og auk þess þjóðsögur, ævintýri og þýddar sögur og vinna verkefni. Nemendur eru hvattir til að lesa frjálst til að örva málkennd sína, auka orðaforða og lestrarhraða. Yndislestur er fastur liður í skólastarfinu.

Ritun

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig skipulega í rituðu máli
- geti samið texta þar sem beitt er eigin sköpun
- geti tjáð hugmyndir sínar og reynslu og kynnt fyrir öðrum
- geti beitt helstu stafsetningar – og greinamerkjareglum
- geti skrifað texta í tölvu og nýtt sér ritvinnsluforrit
- hafi tileinkað sér persónulega rithönd, náð eðlilegum skriftarhraða og skili snyrtilega unnum verkefnum.

Efnisþættir

- Orðabókanotkun
- réttiritun
- skriftarþjálfun
- textagerð
- tjáning
- verkefnavinna
- vinna með hugtök.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Grænkápa*, *Ljóðspor*, *Mál er miðill*, *Stafsetning*, *Skrudda*, *Málrækt 3*, *Skrift 6* og *7* auk annarra verkefna.

Leiðir

Í ritun felast þrjár þættir, ritleikni, stafsetning og skrift. Nemendur eru hvattir til að semja texta, bæði sögur og ljóð, þar sem þeir byggja á eigin hugarheimi eða á einhverju sem átt hefur sér stað í raunveruleikanum. Áhersla er lögð á vandaða vinnu og reynt er að þjálfra skrift og frágang um leið og nemendur vinna þessi verkefni. Til þess að æfa réttiritun skrifa nemendur upp eftir réttum texta, eftir

upplestri og vinna eyðufyllingarverkefni. Nemendur læra réttitunarreglur og er kennt að nota orðabækur. Mikilvægt er að nemendur geti tileinkað sér munnleg og skrifleg fyrirmæli.

Málfræði

Markmið

Að nemendur

- geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína jafnt í talmáli sem ritmáli
- þekki einkenni helstu orðflokka og geta nýtt sér þau
- kynni sér málshætti og orðtök og hvernig þau eru notuð
- rækti með sér áhuga á móðurmálinu og vandi mál sitt.

Efnisþættir

- Heimildavinna
- hlustun
- orðabókanotkun
- réttitun
- skriftarþjálfun
- textagerð
- tjáning
- upplestur
- verkefnavinna
- vinna með hugtök.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Mál er miðill*, *Stafsetning*, *Skrudda*, *Málrækt 3* auk annarra verkefna.

Leiðir

Kennd eru atriði eins og einföld setningafræði, orðflokkar og helstu einkenni þeirra, orðtök og málshættir o. m. fl., en auk þess eru unnin ýmis þjálfunarverkefni sem tengjast móðurmálinu.

Stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti flokkað stærðfræðileg hugtök og unnið með þau sér til gagns
- geti nýtt sér reiknireglur og reikniaðferðir þannig að þær gagnist þeim í daglegu lífi
- geti lesið úr töflum og öðrum upplýsingum sem settar eru fram á myndrænan hátt.

Námsmat

Námsmat fer fram í formi símats, sjálfsmats, kaflakannana og lokakannana.

Markmið

Að nemendur

- geti lesið og skrifað tölur, töluleg gögn og stærðfræðilegan texta
- geti beitt skipulegum aðferðum í sambandi við lausnir verkefna og þrauta.

Efnisþættir

- Algebra
- brot
- flatarmyndir
- hnitakerfi
- hlutföll
- líkindareikningur
- mælingar
- mynstur
- prósentur
- reikniaðgerðir
- rúmfræði
- rökfræði
- talnafræði
- tölfræði.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Stika 3A* og *3B*, nemendabækur, *Stika 3A* og *3B*, æfingahefti, Stjórnubækur og ýmis önnur verkefni.

Leiðir

Í stærðfræðikennslu er bæði einstaklings- og hópkenndsla. Ný atriði eru lögð inn á töflu, þau rædd og hverjum einstaklingi leiðbeint eftir því sem við á. Nemendur vinna að úrlausn verkefna einstaklingslega, í þörum eða litlum hópum. Lögð er áhersla á sjálfstæði, hugmyndaauðgi, nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum. Á eftir hverjum áfanga taka nemendur sjálfskönnun og lokakönnun úr öllu efninu við annarlök.

Danska

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð sig munnlega á einfaldan hátt
- verði færir um að skilja einfalt danskt talmál
- geti skrifað einfaldar setningar
- geti beitt einföldum málfræðireglum bæði munnlega og skriflega
- kunni að nota orðabók við lausn verkefna
- hafi fengið nokkra kynningu á dönsku þjóðfélagi, menningu og siðum
- geti nýtt sér tölvutækni til þess að auka kunnáttu sína í málinu.

Námsmat

Metinn er áhugi og virkni í tímum, vinnubók og önnur verkefni. Kannanir eru lagðar fyrir reglulega yfir veturinn.

Markmið

Að nemendur

- geti lesið og hlustað á léttan texta, skilið hann og tileinkað sér þann orðaforða sem námsefnið byggir á
- geti myndað einfaldar setningar og beitt til þess viðeigandi málfræðireglum
- kunni nokkur skil á norrænni samvinnu og gildi hennar fyrir Norðurlandþjóðirnar.

Efnisþættir

- Hlustun
- málfræðiaefingar
- ritun
- talmálsæfingar
- textalestur

Námsgögn

Veraldarvefurinn, spil, kennslubækurnar *Start og Smart*, *Læs og forstå*, orðabækur og ýmis verkefni.

Leiðir

Stöðvavinna: Nemendum er skipt í fjögurra til fimm manna hópa þar sem leitast er við að þjálfar nemendur í hlustun, lesskilningi, talmáli og einföldum skrifuðum texta. Notuð eru spil sem æfa orðaforða og samtöl og gagnvirk tölvuverkefni með PC tölvum og spjaldtölvum, veraldarvefurinn.

Námsefni sem unnið er út frá saman stendur af lestrarbók, vinnubók og hlustunar – og áhorfsefni á geisladiskum og DVD diskum.

Unnið er með efnið á fjölbreyttan hátt í samræmi við efni og markmið.

Enska

Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að skilja einfalt mál
- geti hlustað eftir aðalatriðum
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti leitað upplýsinga í texta/bók eða tölvu
- geti tjáð sig munnlega um viðfangsefni í náminu
- verði færir um að beita helstu málfræði og málnotkunarreglum
- geti lesið sér til gagns og ánægju
- kunnir að beita nt. og þt. algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini
- geti skrifað samfelldan texta
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu.

Námsmat

Virgni og ástundun metin jafnóðum. Kannanir eru lagðar fyrir reglulega yfir veturinn.

Efnisþættir

- hlustun

- tjáning
- lesskilningur
- framburður
- upplestur
- orðaforði
- stafsetning
- textagerð
- upplýsingaöflun
- verkefnavinna
- málfræði
- frjáls lestur.

Námsgögn *Action* námsefnið er textabók ásamt vinnubók. Einnig eru notuð þemahefti, frjálislestrarbækur, myndbönd og fjölritað efni s.s. söngtextar, krossgátur, þrautir o.fl.

Leiðir

Til að þjálfa skilning og talmál betur fáum við erlenda kennaranema, einnig er notað hlustunarefni. Framburður og leikni eru æfð með hlutverkaleikjum, upplestri og fyrirspurnum. Ritun og stafsetning eru þjálfuð með skriflegum verkefnum úr vinnubók og með ritgerðasmíð sem tengist lífi nemenda. Lesskilningur er æfður allt frá upphafi. Nemendur velja sér frjálislestrarbækur, lesa og leysa verkefni úr þeim.

Heimilisfræði

Markmið

Að nemendur

- þekki heiti næringarefnanna og helstu hlutverk
- þekki helstu næringarefni í algengustu fæðutegundum
- geti notað næringartöflur
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur og lífshættir hafa áhrif á heilsuna
- viti hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- geti með hjálp fæðuhrings valið sér holla fæðu (morgunmat, nesti og léttar máltíðir)

- hafi öðlast þekkingu á geymslu matvæla í heimahúsum
- geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla
- hafi þjálfast í einföldum aðferðum í matreiðslu og góðum vinnubrögðum
- geti búið til einfaldar máltíðir
- geti vegið og mælt af nákvæmni
- þekki algengustu áhöld og tæki og geta notað þau rétt
- geti haldið hreinu vinnusvæði, áhöldum og tækjum
- geti sýnt samábyrgð og góða samvinnu í verki
- virði eldhúsreglur.

Námsmat

Símat á virkni og vinnusemi auk mats á verklegum og skriflegum þáttum, verklegt próf og skrifleg könnun í næringarfræði.

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis, neysluvenjur Íslendinga, mannelismarkmið Íslendinga, hreinlæti við eldhússtörf, frágangur í kennslueldhúsinu, fæðuflokkarnir, uppruni og samsetning fæðuefnanna, geymsla matvæla á heimilum, áhöld og tæki í eldhúsinu, vinna með næringartöflur og samsetning hollrar fæðu, mál og vog, að margfalda og minnka uppskriftir, að vera meðvitaður neytandi, umhverfisvernd, endurvinnsla, vörugæði, verðskyn og orkusparnaður, eldhúsreglur og borðsiðir.

Námsgögn

Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 7. bekk.

Gott og gagnlegt, vinnubók.

Leiðir

Verklegur þáttur námsins er umfangsmestur. Nemendur vinna skrifleg einstaklingsverkefni og næringartöflur. Nemendur kynnst mannelismarkmiðum Íslendinga og neysluvenjum. Eigin neysluvenjur eru kannaðar. Nemendur sjá myndbönd sem fjalla um þá námsþætti sem unnið er með, s.s. hreinlæti í meðferð matvæla o.fl. Mikil áhersla er lögð á góðan frágang í kennslueldhúsinu og nemendur sjá um eftirlit. Skriflegar kannanir í næringarfræði eru í 7. bekk.

Nemendur í 7. bekk sjá um Hörpulok, sem er kvöldskemmtun og kveðjuhátíð fyrir nemendur 7. bekkjar, foreldra og kennara skólans. Einn þáttur heimilisfræðinnar er að sjá um veitingar á Hörpulokum.

Íþróttir

Meginmarkmið

- Að efla þol og þrek nemenda og að þeir læri rétta líkamsbeitingu
- að efla sjálfstraust og félagsfærni nemenda
- að nemendur læri reglur í hinum ýmsum íþróttagreinum
- að nemendur læri reglur sem eru viðhafðar í leikfimisal og búningsklefa
- að nemendur læri að umgangast líkama sinn af virðingu
- að nemendur læri að umgangast aðra af virðingu.

Námsmat

Metin er ástundun, áhugi, hegðun og virkni og reglulega fer fram sjálfsmat.

Markmið

Að nemendur

- efli líkamlegan þroska og afkastagetu
- efli líkamsvitund, fræðist um heilsusamlegt lífverni og helstu vöðvaheiti
- þroski hæfileika sína til tjáningar og sköpunar
- öðlist og efli hjá sér félagsþroska og samskiptahæfni
- fái aukið sjálfstraust og viljastyrk
- læri rétta líkamsbeitingu
- auki þor, kraft, liðleika og áræði
- læri að leika sér úti
- kynnist sem flestum íþróttagreinum og finni hreyfingu við hæfi

Efnisþættir

Smáleikir – hreyfitjáning – grunnþjálfun – boltaleikir – fimleikar – leikfimi – tennis – frjálsar íþróttir – heilsuvernd – golf

Námsgögn

Íþróttasalur með föstum áhöldum: mörk, körfur, rimlar, fimleikahringir og kaðlar. Ýmsar tegundir af boltum: fót-, körfu-, hand-, blak-, skot-, tennis- og bandýboltar, golfboltar.

Dýnur, hestar, kubbar, stökkbretti, trampólin, badmintonspaðar, mini- tennisspaðar, teppaflísar, plastkeilur, sippubönd, húllahringir, spilateningar, klemmur, hjólabretti, dósastultur, hopp-boltar, baunapokar, blöðrur, frisbee-diskar úr svampi, gúmmíhringir, bandýsett, hljómflutningstæki með geislaspilara.

Leiðir

Bein kennsla, sýnikennsla, sköpun, leikir, hreyfing, tónlist, þrautalausnir, hópvinna, sjálfstæð vinna. Reynt er að skapa jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft í hópnum.

Lífsleikni

Meginmarkmið

Að nemendur

- verði sjálfstæðir og félagslega öruggir
- að nemendur fjalli um sjálfsmynd og sjálfsstyrkingu, tilfinningar og samskipti
- fjalli um ýmsa þætti mannglegrar tilveru á forsendum siðfræði/heimsspeki o.fl.

Efnisþættir

- Gildi fréttu
- grunnþarfir
- hlutverk hvers og eins
- lausn ágreiningsmála
- lífsgildi í fjölskyldum
- samvinna og samskipti
- sjálfsmynd
- skýr mörk í sambandi við hegðun
- tilfinningar
- tjáskipti
- vinátta.

Námsefni

Ertu?, Hugrún og annað tilfallandi efni.

Leiðir

Umræður og verkefnavinna .

Lífvisindi

Markmið

Að nemendur

- læri um mannslíkamann, einkum gerð og starfsemi líffærakerfanna og samband þeirra
- skilji að þeir geti sjálfir haft mikil áhrif á eigin heilsu
- geri sér grein fyrir helstu breytingum sem verða á líkama mannsins frá fæðingu til elliára.

Námsmat

Námsmat er byggt á vinnusemi í tímum, vinnubókum og könnunum úr helstu þáttum námsefnisins.

Efnisþættir/námsgögn

Maðurinn, hugur og heilsa, lesbók og vinnubók auk annars efnis.

Leiðir

- Nemendur lesa heima og í tímum, unnið er í vinnubók og margs konar hópverkefni. Lögð er áhersla á að nemendur vandi frágang og skili vandaðri vinnu. Einnig eru myndbönd mikilvægur þáttur í kennslunni. Reynt er að samþætta líffræði og lífsleikni sem tekur á siðfræðilegum og líffræðilegum þáttum kynlífs.

Náttúrufræði

Náttúruvísindi

Eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði og stjörnufræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist náttúruvísindum og tækni bæði með beinni reynslu og lestri námsbóka
- þjálfí ályktunarhæfni sína með þátttöku í almennum umræðum og margvíslegum tilraunum bæði innan – og utandyra.

Námsmat

Símat er mikilvægur þáttur námsmats. Kannanir úr kennslubókum lagðar fyrir og verkefnavinna metin.

Markmið

Að nemendur

- kynnist ýmsum þáttum í efna –, veður – og jarðfræði.

Efnisþættir

- Saga vísindanna
- byggingareiningar alheimsins
- varmi
- hamskipti, hitaþensla og leysni
- orka og orkunotkun
- haf, vatnsföll og jöklar.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Auðvitað 3*, *Blikur á lofti*, myndbönd og annað námsefni sem til fellur. Veraldarvefurinn notaður til upplýsingaöflunar.

Leiðir

Til að ná settum markmiðum er lesið um hina ýmsu þætti náttúruvísinda. Nemendur og kennari ræða um allar hliðar þeirra. Vinnubók unnin í tímum. Myndbönd skoðuð og efni þeirra rædd. Verklegar æfingar lagðar fyrir af og til.

Myndmennt

Markmið

Að nemendur

- fái útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði
- fái aukna möguleika á að skilja og njóta myndlistar
- kynnist hugtökum sem tengjast greininni og tengi við aðrar námsgreinar, t.d. grunnform, speglun, hliðrun o.s.frv.
- fái tækifæri til að ræða um listsköpun, bæði eigin og annarra (þjálfari gagnrýna hugsun)
- kynnist og noti mismunandi efnivið
- temji sér vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Námsmatið byggist á símati þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess eru einstök verkefni metin.

Efnisþættir

- Málun
- grafík

- leirmótun
- teikning
- myndbygging
- bókagerð
- kynning á listamanni.

Námsgögn

Blýantur, pappír, karton, þekjultitir, vatnslitir, vaxlitir, túss, jarðleir, grafíklitir og áhöld, einnig annað sem tilheyrir verkefnunum hverju sinni.

Leiðir

Verkefni útskýrð og vinnubrögð kynnt ásamt listamanni sem þekktur er fyrir að nota viðkomandi vinnubrögð. Síðan tekur við einstaklings- eða hópvinna. Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og verða því að fylgjast vel með. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti í tímum, nemendur eru hvattir til sjálfstæðrar sköpunar og reynt að byggja upp hjá þeim jákvæða gagnrýni jafnt á eigin verk og annarra. Nemendur safna verkefnum sínum í möppu sem þeir fá heim með sér í lok annar.

Samfélagsgreinar

Íslandssaga

Meginmarkmið

Að nemendur

- fái innsýn í þróun íslensks þjóðfélags frá siðaskiptum að heimastjórn
- leggi áherslu á þá þætti sögunnar sem telja má til menningararfs þjóðarinnar og tengi við sögu annarra þjóða á sama tíma
- fjalli um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga fram að heimastjórn 1904
- kynnist þjóðfélagsbreytingum frá sveit til myndunar þéttbýlis.

Námsmat

Verkefnavinna er metin og kannanir lagðar fyrir.

Markmið

Að nemendur

- skilji mikilvægi þess að vera sjálfstæð þjóð
- þekki líf og kjör einstaklinga fyrir á öldum

- viti hvaða lönd og landsvæði Íslendingar hafa haft mest samskipti við á ýmsum tímum
- geti tengt atburði á Íslandi við atburði í öðrum löndum.

Efnisþættir

- Bændasamfélagið
- efnahagsfrelsi
- konungsvaldið
- menning og menntun
- Reykjavík sem höfuðstaður
- siðaskiptin
- sjálfstæðisbaráttan.

Námsgögn

Kennslubókin *Sögueyjan*, 2. hefti, og annað tilfallandi efni.

Leiðir

Nemendur afla sér upplýsinga með ýmsum hætti og vinna margvísleg verkefni. Stuðst er við ýmsar heimildir sem tengjast Íslandssögunni og eru til þess fallnar að efla skilning nemenda á samfélagi og umhverfi í nútíð og framtíð.

Landafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist skilning á hugtökum sem tengjast landafræði, s.s. veðráttu, gróðri, fólksfjölda, samgöngum, atvinnulífi og umhverfispáttum
- þjálfist í að lesa úr kortum og öðrum myndrænum upplýsingum
- fræðist um Evrópu og kynni sér samskipti Íslands og annarra landa Evrópu.

Námsmat

Verkefni metin og kannanir lagðar fyrir.

Markmið

Að nemendur

- geri sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða s.s. landslagi, gróðri, auðlindum, búsetu og menningu í Evrópu.

Efnispættir

- Atvinnuvegir
- dýralíf
- fólksfjöldi
- gróðurfar
- heimstyrjöldin
- hráefni
- íbúar
- landshættir
- landslag
- listir
- loftslag
- mengun
- orka
- ræktun
- samgöngur
- svæði og lönd í Evrópu
- þéttbýli
- trúarbrögð
- tungumál.

Námsgögn

Kennslubókin *Evrópa* ásamt vinnubók, kortabókum, verkefnum og ýmsu efni á veraldarvefnum.

Leiðir

Nemendur lesa texta, skoða myndir og kort, gera vinnubækur og vinna ýmis önnur verkefni annaðhvort í hópum eða einstaklingslega. Lögð er áhersla á að kenna nemendum að leita upplýsinga á eigin spýtur m.a. í gegnum veraldarvefinn sem nemendur gera síðan grein fyrir með kynningum.

Sund

Markmið

Nemendur eru að æfa fyrir ákveðið sundstig og miðast kennslan við hvaða sundstig hver og einn er að taka. Mikil áhersla er lögð á að ná góðri og réttri tækni og að sund sé skemmtileg og góð alhliða hreyfing. Nemendur fá einnig að kynnst ýmsum leikjum í vatni og læra af leik. Kennsla fer fram í innilauginni í

Laugardalnum sem er 25 m laug, en yngstu nemendurnir fá minna svæði. Nemendur þurfa sjálfir að koma með sundgleraugu ef þeir vilja nota þau við námið.

Námsmarkmið

Að nemendur

- viðhaldi og bæti útfærslu hreyfinga í bringusundi, baksundi, skriðsundi, skólabaksundi og kafsundi ásamt fótatökum og armtökum í flugsundi.
- séu færir um að bjarga jafningja úr vatni
- þjálfist í samvinnu og sýni tillitsemi gagnvart öðrum nemendum og kennara.

Hæfniviðmið

- 300 metra viðstöðulaust bringusund synt á 12 mín
- 50 metra bringusund á tíma 1:14 sek
- 25 metra skriðsund á tíma 32 sek
- 50 metra skólabaksund
- 50 metra baksund
- 50 metra skriðsund
- 25 metra björgunarsund með jafningja
- 10 metra kafsund
- stunga af bakka og kafað.

Námsmat

Það sem metið er:

- Hegðun og framkoma (við starfsfólk sem og gesti sundlaugar)
- sundstigin
- umgengni á sundstað bæði ofan í lauginni og einnig búningsklefum og biðstofu
- virkni og áhugi í tímum.

Textílmennt

Markmið

Stefnt skal að því

- að vekja áhuga og skilning nemenda á handverki og verkmenningu
- að örva sköpunargleði og vekja forvitni á greininni og möguleikum hennar til

sköpunar

- að nemendur þjálfist í að vinna með eigin hugmyndaflug og þroski persónulegan tjáningarmáta
- að örva nemendur til sjálfstæðis í lita- og efnisvali og efla formskyn þeirra
- að nemendur læri á saumavél og geti nýtt sér hana við vinnu
- að nemendur þekki og geti beitt helstu áhöldum og vélum greinarinnar
- að nemendur geti fitjað upp, tekið úr, aukið út, fellt af og gengið frá prjónaverkefnum
- að nemendur geti unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og notað handbækur
- að nemendur noti hugtök og heiti textílgreinarinnar
- að nemendur fræðist um mismunandi aðferðir við að ná settu marki
- að nemendur sýni fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- að nemendur þjálfist í að meta eigin verk og annarra
- að nemendur fái tækifæri til að kynnst verkum íslensks listiðnaðarfólks.

Námsmat

Metin er geta og kunnátta nemenda, sjálfstæði í vinnubrögðum, ástundun, áhugi, vandvirkni og framfarir.

Efnisþættir

- Mynsturgetð
- tauprykk
- vélsaumur
- útsaumur
- prjón
- hekl
- þæfing.

Námsgögn

Garn, prjónar, nálar, tölur, saumavélar, ull, efni, áhöld fyrir tauprykk, þæfingu og fleira sem tilheyrir greininni.

Leiðir

Einstaklingskennsla, hópkenndsla þar sem hún á við og verkleg vinna.

Trúarbragðafraeði

Meginmarkmið

Stefnt er að því að auka skilning nemenda á kristnum fræðum og hinum ýmsu trúarbrögðum og efla siðferðilegan og félagslegan þroska með því að nemendur

- öðlist þekkingu og skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum
- geri sér grein fyrir siðferðilegum gildum og álitamálum
- temji sér samskiptareglur sem byggjast á kristilegum kærleika, sáttfýsi og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi.

Námsmat

Vinna nemenda er metin með símati og áfangakönnunum.

Markmið

Að nemendur

- fái góða innsýn í kristilegt siðgæði
- þekki réttindi sín og skyldur í daglegu lífi og í umgengni við allt líf og umhverfi
- kynnist helstu einkennum Búddhatrúar og Hindúatrúar

Efnisþættir

- Biblían
- dæmisögur
- helgidagar
- kirkjustarf
- kristni á Íslandi
- líf og starf Jesú
- útbreiðsla trúarbragða
- uppruni ólíkra trúarbragða
- meginstoðir ólíkra trúarbragða.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Kristin fræði – fagnaðarerindið. Búddhatrú – leiðin til Nirvana, Hindúatrú, Guð í mörgum myndum.*

Leiðir

Samlestur, umræður og verkefnavinna.

Hönnun og smíði

Markmið

Að nemendur

- tileinki sér þær öryggisreglur er gilda í smíðastofunni
- læri að þekkja og nota verkfæri smíðastofunnar og tileinki sér aðgæslu í umgengni við þau
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni um smíðaverkstæðið og tileinki sér verklag í samræmi við það
- læri að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra
- átti sig á gildi handverks, tækniþekkingar og hönnunar fyrir daglegt líf
- fái hvatningu til að hugsa um umhverfi sitt og styrkist í að móta eigin hugmyndir í efni
- geri sér grein fyrir að samhengi er á milli góðrar umgengni og öryggisþátta
- teikni eigin hugmyndir að smíðisgripum sínum og útfæri í heppilegt efni. Áhersla lögð á yfirborðsvinnu við gripina.

Áhersla á frumkvæði og sköpun, að nemendur leysi sjálfir verkefni á eigin forsendum, læri að nota ólík efni og áhöld og vinni sjálfstætt.

Námsgögn og leiðir

Unnið er með plast við smíði á tertuspaða þar sem reynir á mismunandi þætti eins og frumkvæði, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

Námsmat

Símat: felur í sér að kennari metur tvisvar á önn fjóra þætti í verklagi nemenda:

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst.

Lokaafurð metin felur í sér að kennari metur verkefni nemandans með því að spjalla við hann um fyrrgreind atrið og með því að leggja mat á vinnuskýrslur hans í sambandi við verkefni annarinnar. Í vinnuskýrslum vetrarins metur nemandinn sjálfur þau atriði sem talin eru upp hér að ofan, skilar inn teikningu og verklýsingu af verkefni annarinnar og metur endanlega niðurstöðu/útkomu þeirra.

Umhverfismennt

Markmið

Að nemendur læri að umgangast náttúruna og umhverfi sitt á jákvæðan hátt

Námsmat

Símat.

Efnisþættir

- dagleg umgengni
- sorpflokkun og endurvinnsla
- virðing fyrir náttúru og umhverfi
- orkunýting
- lífríkið í nánasta umhverfi

Námsgögn

Ýmsar náttúrufræðibækur, *Umhverfið – skiptir það máli?* og önnur verkefni.

Leiðir

Flokkun á pappír og lífrænum úrgangi, hreinsun skólalóðar, útikennsla og vettvangsferðir.

Upplýsinga- og tæknimennt

Tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi

Meginmarkmið við lok 7. bekkjar

- að nemendur séu eins vel læsir í víðum skilningi og kostur er, bæði á texta og töluleg gögn, þjálfaðir í gagnrýninni hugsun og tryggð grunnþekking á sviði tæknifærni og miðlunar
- að nemendur líti á upplýsinga – og tæknimennt sem eitt námssvið í þverfaglegri samvinnu við önnur námssvið eða – greinar.

Námsmat

Námsmat er í formi símats. Lagt er mat á vinnu og áhuga nemenda í kennslustundum. Umsögn er gefin um stöðu þeirra og hæfni til að ná settum markmiðum innan námsgreinarinnar.

Tæknilæsi

Markmið

Að nemendur

- kunni að búa til möppur og nota möppur í tölvum
- hafi náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingar
- kunni á helstu sérlykla á lyklaborði
- hafi náð tökum á að taka upp efni á spjaldtölvu
- geti skeytt saman texta, mynd og hljóð
- kunni meðferð á myndum og texta af Neti
- geti nýtt sér glærugerðarforrit
- kunni skil á póstforritum til að hafa samskipti við aðra
- geti sett inn myndir og gröf og töflur í texta
- geti brotið um flókinn texta með myndum, s.s. bekkjarblað
- geti notað tölvuorðabækur og yfirlestrarforrit á íslensku og öðrum tungumálum.

Tölvur

Markmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar
- þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- þjálfist í notkun ritvinnsluforrítsins *Word*, og glæruforrítsins *Power Point*, *Paint* o.fl. forritum
- geti skrifað texta í ritvinnslu og sett inn myndir
- geti notað tölvu til að skrifa einfaldan texta
- kynnist kennsluforritum
- geti notað tölvu til að semja eigið efni
- kunni að vista skjöl og ná í skjöl
- þjálfist í að leita sér upplýsinga á netinu, t.d. með leitarvélinni *Google*
- geti aflað heimilda, flokkað og skilgreint hvaða upplýsinga er þörf, skráð og varðveitt.

Leiðir

Nemendur vinna í tölvuveri. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

Spjaldtölvur

Markmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvætt viðhorf til spjaldtölvunotkunar og líti á spjaldtölvur sem sjálfsagt námsgagn
- geti nýtt sér spjaldtölvur til upplýsingaöflunar
- læri á forritin Book creator, Stop motion, iMovie og Biophiliu

Leiðir

Nemendur vinna með spjaldtölvur þvert á námsgreinar óháð kennslurými.

Upplýsinga- og menningarläsi

Markmið

Að nemendur

- geti leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins (Dewey)
- kunni á leitar- og útlánskerfi safnsins
- kunni að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum, fræðibókum og margmiðlunardiskum
- þekki helstu leitarmöguleika á Netinu
- hafi tök á leitarlestri – yfirlitslestri – ítarlestri við heimildaöflun
- geti fundið lykilorð í texta
- geti lesið úr tölfraðilegum upplýsingum í mismunandi framsetningu
- kunni að skipuleggja heimildavinnu; það felur í sér að nemandi geti
 - mótað spurningar út frá efni og skilgreint hvaða upplýsinga er þörf
 - valið upplýsingaveitur, aflað heimilda, flokkað og greint þær
 - varðveitt heimildir á skipulegan hátt, unnið úr upplýsingum
 - gert grein fyrir niðurstöðum sínum
 - skráð heimildalista
- geti vitnað í heimildir
- vinni heimildaverkefni undir leiðsögn umsjónarkennara og bókasafnskennara
- þekki helstu íslenska rithöfunda og verk þeirra
- viti að til eru lög um höfundarrétt og skilji þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar
- sýni skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef
- taki þátt í lifandi dögum á skólasafni og tilfallandi uppákomum.

Leiðir

Nemendur vinna verkefni á safni undir stjórn umsjónarkennara í samvinnu við safnkennara. Nemendur nýta sér safnkost safnsins, bæði til yndislestrar og upplýsingaleitar við verkefnavinnu. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að njóta nánasta umhverfis og öðlist virðingu fyrir náttúrunni
- þekki skilji og raunveruleikann sem er úti í náttúrunni og tengi við almennt nám
- geri sér grein fyrir samspili manns og náttúru og þeim áhrifum sem maðurinn hefur á umhverfi sitt
- geri sér grein fyrir skyldum sínum gagnvart umhverfinu
- velti fyrir sér umhverfissiðfræði
- geri sér grein fyrir hringrásum í náttúrunni
- tengi bóklegt nám og þemavinnu við grenndarsamfélagið.
- geri ýmsar tilraunir úti í náttúrunni.
- heimsæki fyrirtæki, söfn og stofnanir.
- fái utanaðkomandi gesti sem fjalla um sín sérsvið t.d. fótbolta o.fl.

Markmið

Að nemendur

- kynnist og njóti nánasta umhverfis
- öðlist virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúrunni
- efli þekkingu sína og þjálfí vinnulag utan skólastofunnar
- þjálfí samvinnu, rannsóknarvinnu og öflun gagna á vettvangi
- dragi ályktanir af rannsóknum og skrái niðurstöður
- kynnist söfnum, vinnustöðum og stofnunum
- auki líkamlegt þol og þrek.

Námsmat

Símat.

Efnisþættir/Leiðir

Reglulegar heimsóknir í grenndarskóg og unnið að uppbyggingu hans, heimsóknir í fyrirtæki, stofnanir og aðra staði sem hægt er að tengja við bóklegt nám og þemavinnu eftir því sem tilefni gefst til, heimsókn í vatnsaflsvirkjun í Elliðaárdal, Listasafn Reykjavíkur og Hafnarhúsið. Fræðimenn og sérfræðingar fengnir í heimsókn í tengslum við námsefni eftir því sem mögulegt er. Skólalóð er hreinsuð að hausti og vori.